

Sjálfsmatsskýrsla

Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

2022-2023



Efnisyfirlit

1.0 Inngangur.....	3
2.0 Forsendur innra mats	3
2.1. Lagalegur grunnur	3
2.2 Markmið	3
2.3 Framkvæmd.....	3
2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.....	3
3.0 Skólapúlsinn - Nemendakönnun.....	4
3.1 Virkni nemenda í skólanum.....	4
3.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda.....	6
3.2 Líðan og heilsa	6
3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda	8
3.3 Skóla- og bekkjarandi.....	8
3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda.....	8
3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda.....	9
3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda	9
3.5 Samantekt úr nemendakönnun skólaárið 2022-2023	10
4.0 Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun.....	10
4.1 Starfið.....	10
4.2 Starfsfólk	10
4.3 Vinnustaðurinn	11
4.4 Stjórnun.....	11
4.5 Kennarar - Kennarastarfið	12
4.6 Kennarar - Starfsumhverfi.....	13
4.7 Símenntun kennara	13
4.8 Opin svör	14
4.9 Samantekt á starfsmannakönnun Skólapúlsins	14
4.10 Úrbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum Starfsmannakönnunar Skólapúlsins.....	14
5.0 Íslenska æskulýðskönnunin - Vantar niðurstöður	15
5.1 Lykiltölur 4. og 5. bekkjar	17
5.2 Lykiltölur 6.-10. bekkjar	18
5.3 Samantekt úr íslensku æskulýðskönnuninni	18
6.0 Maskínukönnun - vinnustaðagreining Árborgar.....	19
6.1 Samantekt á maskínukönnun Árborgar	20

8.0 Ytra mat	20
9.0 Samantekt.....	20

1.0 Inngangur

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) skiptist í tvær starfsdeildir, 7. - 10. bekkur eru staðsettir á Eyrarbakka en 1. - 6. bekkur eru staðsettir á Stokkseyri. BES er einsetinn heildstæður skóli með u.þ.b. 125 nemendur í upphafi skólaárs 2022 og svipaðan fjölda nemenda að vori 2023. Nemendur koma að úr þéttbýliskjörnum Eyrarbakka og Stokkseyri ásamt nálægu þéttbýli og dreifbýli. Í þessari skýrslu verður greint frá niðurstöðum Skólapúlsins 2022-2023, bæði nemendakönnun og starfsmannakönnun, ásamt helstu niðurstöðum úr könnun íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem framkvæmd var á vormánuðum 2023 og niðurstöðum maskínukönnunar sem er könnun meðal starfsmanna sveitarfélagsins Árborgar sem framkvæmd var í október 2022.

2.0 Forsendur innra mats

2.1. Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 98/2008 er í kafla VII, 36. gr. kveðið á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þetta er gert með innra mati á hverju ári.

2.2 Markmið

Markmið með mati á skólastarfi samkvæmt 35. gr. laga um grunnskóla er að:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árgangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

2.3 Framkvæmd

Innra mat skólans byggir á margvíslegum könnunum. Nemendakannanir á vegum Skólapúlsins eru framkvæmdar árlega en foreldra- og starfsmannakannanir annað hvert ár. Á skólaárinu 2022-2023 var gerð starfsmannakönnun en foreldrakönnun var framkvæmd á skólaárinu 2021-2022. Þá var íslenska æskulýðsrannsóknin lögð fyrir nemendur í mars 2023 og Maskína framkvæmdi starfsmannakönnun meðal allra starfsstöðva sveitarfélagsins Árborgar í október 2022. Ekki var gerð Olweusarkönnun á árinu en stefnt er að fyrirlögn skólaárið 2023-2024.

2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Áætlun um innra mat og umbætur er gerð til þriggja ára í senn. Hér má sjá áætlun um gagnaöflun innra mats til 2026.

Innra mat	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Unnið með niðurstöður sjálfsmats fyrri ára	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir starfsfólk		x	
Skólapúlsinn lagður fyrir foreldra	x		x
Olweusarkönnun um einelti í 5. - 10. bekk	x	x	x
Kennslukannanir í 7. - 10. bekk	x	x	x
Íslenska æskulýðsrannsóknin	x	x	x

3.0 Skólapúlsinn - Nemendakönnun

Nemendur í 6. - 10. bekk svöruðu spurningalista Skólapúlsins í október 2022. Heildarsvarhlutfall var 95,1% . Hér í næstu köflum verður farið yfir helstu niðurstöður, breytingar frá fyrri árum og hvernig BES sker sig frá samanlagðri útkomu annarra skóla sem tóku þátt. Lögð verður áhersla á að skoða þá þætti þar sem niðurstöður BES skera sig frá niðurstöðum heildarinnar. „Munur uppá 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. “

Viðhorf nemenda má sjá betur í myndunum í undirköflum 3. kafla, sem svör við spurningum sem mynda matsþátt. Sérstök áhersla er lögð á þau svör sem bera með sér tölfræðilega marktækan mun á dreifingu skv. kí-kvaðrat-prófi.* Hver liður hefur ákveðna matsþætti og hver matsþáttur er metinn eftir svörum nemenda við fjölmörgum spurningum.

Taka verður fram að aðstæður unglingastigs BES til kennslu þetta skólaár var mjög erfitt. Frá ágúst til janúar voru nemendur í þremur útistofum á Eyrarbakka og þurftu að fara í skólabíl frá Eyrarbakka á Stokkseyri til að borða hádegismat daglega. Um áramótin fékk BES afhent nýtt húsnæði (færanlegar kennslustofur til bráðabirgða) sem í eru tvær kennslustofur, matsalur og starfsmannaálma ásamt miðrými fyrir nemendur. Aðstæður voru mjög krefjandi framan af skólaári og mikil þreyta í bæði nemendum og starfsfólki unglingastigs vegna þrengsla. Þessar aðstæður höfðu einnig áhrif á yngra stigi.

3.1 Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir þessa liðs eru ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu. Nemendur BES eru fyrir neðan meðaltal í öllum matsþáttum en jákvæð breyting varð á milli ára í öllum þáttunum nema einum sem stóð í stað.


1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,0	53	0,3	4,3	18.805	-0,3
1.2. Þrautseigja í námi	3,8	55	0,2	4,4	18.898	-0,6*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,1	56	0,3	4,7	19.161	-0,6*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,1	56	0,0	4,4	19.153	-0,3
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,5	56	0,2	4,3	18.885	-0,8*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,4	56	0,4	4,8	19.102	-0,4


Þrátt fyrir krefjandi aðstæður þá er skólinn að bæta sig á öllum sviðum þessa matsþáttar. Þó er virkni nemenda marktækt lægri í BES en í sambærilegum skólum á landsvísu í þremur undirþáttum þessa liðar.

- Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri
- Landið

Áhugi á stærðfræði - Ársmeðaltöl:



Trú á eigin vinnubrögð í námi:



3.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda

Stærðfræðiteymið á unglingastigi var eftt sem skilaði tilætluðum árangri og mun teymiskennsla í skólanum verð eflð enn frekar á næsta skólaári.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka ánægju af lestri	Finna lestrarefni eftir áhugasviði hvers nemanda. Endurskoða lestrarstefnu skólans.	Umsjónarkennarar, teymi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Að auka þrautseigju í námi	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu.	Umsjónarkennarar, stoðþjónusta, Náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að auka áhuga á stærðfræði	Fjölbreyttari verkefni og námsmat. Nýr stærðfræðikennari í teymi.	Umsjónarkennarar, teymi, stoðþjónusta, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla trú á eigin vinnubrögð í námi	Námsráðgjöf fyrir nemendur	Náms- og starfsráðgjafi, teymin, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla trú á eigin námsgetu	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu	Náms- og starfsráðgjafi, teymin, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls

3.2 Líðan og heilsa


Matsþættir þessa liðs eru sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress, einelti, tíðni og staðir eineltis, tíðni hreyfingar og hollt mataræði.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,6	56	0,1	4,2	18.810	-0,6*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,6	56	0,1	4,2	18.779	-0,6*
2.3. Vellíðan	3,9	56	0,1	4,3	18.993	-0,4
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	23	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,3	56	0,3	5,8	18.957	0,5*
2.6. Tíðni eineltis	17,9%	10/56	-2,8%	15,0%	2925/18895	2,9%
2.7. Staðir eineltis	-	10	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	23,2%	13/56	-1,6%	44,8%	8301/18484	-21,6%*
2.9. Holtt mataræði	4,1	56	0,3	4,6	18.662	-0,5*

Jákvæð breyting hefur orðið breyting á flestum matsþáttum þessa liðs. Tíðni hreyfingar nemenda er mun lakari heldur en nemenda á landsvísu og er það visst áhyggjuefni. Ekki er ljóst hvað veldur en nemendur í BES fá tilskylda hreyfingu á skólatíma. Einelti er áfram til staðar en tíðni eineltis virðist áfram fara lækandi milli skólaára.

Tíðni eineltis - Ársmeðaltöl:



3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla sjálfsálit/sjálfsstrau st nemenda.	Nýta stefnu skólans og nota eflandi kennsluhætti.	Allir starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir.
Að draga úr kvíða og streitu nemenda.	Með öflugri nemendabjónustu og samstarfi við heimilin.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Að draga úr einelti.	Með fræðslu og með því að taka á eineltismálum sem upp koma.	Náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin. Olweusarteymið	2021	Aldrei	Skólapúls
	Með að efla Olweusarteymið	Skólastjórnendur og Olweusarteymið	2021	Aldrei	Skólapúls

3.3 Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir þessa liðs eru samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,0	56	-0,2	4,7	18.627	-0,7*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,1	56	0,2	4,7	18.844	-0,6*
3.3. Agi í tímum	4,0	56	0,3	4,8	18.801	-0,8*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,4	56	0,2	4,8	18.741	-0,4
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,3	56	-0,7	4,8	18.759	-0,5*

Það er marktæk lakari niðurstaða á milli nemenda BES og annarra nemenda í sambærilegum skólum á landsvísu hvað þessa þætti varðar en BES hefur þó bætt sig milli ára hvað varðar agi í tímum, samband nemenda við kennara og virkni í tímum. Tíðni leiðsagnarmats hefur farið niður á við milli skólaára en á næsta skólaári verður mun meiri teymiskennsla en verið hefur og mikið verður lagt uppúr stöðugri endurgjöf til nemenda.

3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka samsömun í bekkjum.	Nýta teymiskennslu til að búa til fjölbreyttari hópa.	Allir kennarar, starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir.

	Fræðsla um fjölbreytileika				
Að efla samband nemenda og kennara.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Efla traust og virðingu með fræðslu.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla jákvæðan aga í tímum.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Fræðsla um jákvæða eflingu.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla leiðsagnarmat og teymiskennslu	Fræðsla um leiðsagnarmat fyrir kennara og nemendur. Setja inn vörður yfir skólaárið þar sem nemendur fá formlegt leiðsagnarmat og efla kennara í teymiskennslu.	Stjórnendur og allir kennarar.	2023	Aldrei	Skólapúls
Styrkja skólasýn.	Vinna með skólasýn BES og skýra stefnu skólans.	Stjórnendur, kennarar, starfsfólk, nemendur, foreldrar, nærsamfélag.	2021	Aldrei	Skólapúls, skýrsla um vinnslu skólasýnar/stefnu.

3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda

Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann voru mjög margir sem nefndu vini, góða kennara og frímínúturnar eins og fyrri ár. Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim þætti slæmt eða betur mætti fara í skólanum virðast nemendur í 6. - 7. bekk vera nokkuð ánægðir en nemendur í 8. - 10. bekk nefna margir húsnæðisskortinn og mötuneytismál.

3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að virkja betur nemendaráðið.	Að fulltrúar nemendaráðs kalli eftir umræðuefni á fundi	Stjórnendur, umsjónarmaður nemendaráðs, nemendaráð.	2021	Aldrei	Skólapúls

	nemendaráðs frá samnemendum.				
Að halda formleg nemendafing reglulega um skólamál með nemendum. (Þjóðfundastíll)	Skipuleggja nemendafing 1-2 á ári.	Skólastjórnendur	2021	Aldrei	Skólapúls
Að gæta að hollustu í mötuneyti og gæðum hráefnis.	Skoða matseðla, fara yfir innkaup og ræða við matráð.	Skólastjórnendur	2021	Aldrei	Skólapúls

3.5 Samantekt úr nemendakönnun skólaárið 2022-2023

Þegar niðurstöður þessarar nemendakönnunar eru dregnar saman má sjá að BES hefur bætt sig í flestum matsþáttum þó enn megi gera ákveðnar endurbætur. Eins og fram hefur komið var húsnæðiskostur bágborinn fyrri part skólaársins sem ætla má að hafi haft ákveðin áhrif á niðurstöður könnunarinnar. Að öðru leyti er vísað í umbótakafla hvers liðar.

4.0 Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í mars 2023. Fjöldi þátttakenda voru 49 en 47 svöruðu könnuninni sem er svarhlutfall uppá 95,9%. Könnunin er í 8 liðum, starfið, starfsfólk, vinnustaðurinn, stjórnun, kennarar - kennarastarfið, kennarar - starfsumhverfið, kennarar - símenntun og opin svör starfsmanna. Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður könnunarinnar.

4.1 Starfið

Í myndinni hér fyrir neðan má sjá matsþætti þessa liðs. Niðurstöður sýna að BES stendur sig marktækt betur hvað vinnuálag varðar m.v. skóla á landsvísu, skýrleiki hlutverks mætti vera ljósari en aðrir þættir eru nokkurn veginn á pari við landsvísu.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,3	46	0,3	4,7	1.702	-0,4*
1.2. Skýrleiki hlutverks	3,6	46	-0,8	4,7	1.699	-1,1*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,2	46	0,3	5,0	1.698	0,2
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,8	46	-0,1	4,9	1.702	-0,1

4.2 Starfsfólk

Þessum lið er fjallað um leikni í starfi, skuldbindingu til vinnustaðarins, skörun vinnu og einkalífs, ræktun mannauðs, starfsmannaviðtöl undanfarið ár og gagnsemi starfsmannaviðtals. Starfsfólk metur

sig lægra í öllum þáttum þessa liðar. Allir hafa fengið starfsmannaviðtal en starfsfólk telur gagnsemi viðtala ekki nægjanlega. Hér þarf að huga að úrbótum.

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,6	44	-0,3	4,8	1.690	-0,2
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	4,0	44	-1,2	5,0	1.687	-1,0*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,2	44	1,0	5,0	1.688	0,2
2.4. Ræktun mannauðs	4,5	42	-1,4	5,1	1.641	-0,6*
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	85,0%	34/40	-10,5%	75,6%	1187/1570	9,4%
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	69,7%	23/33	-17,8%	88,1%	978/1110	-18,4%*

4.3 Vinnustaðurinn

Í þessum lið er fjallað um starfsanda, ánægju með vinnuaðstöðu, stuðning frá samstarfsfólki, stuðning við nýsköpun, mismunur, einelti og kynferðislega áreitni. Allir þættir þessa liðar hafa lækkað frá síðustu könnun sem er visst áhyggjuefni sem stjórnendur BES verða að taka föstum tókum frá og með næsta skólaári. Skýringin á þessum lið getur þó verið krefjandi starfsaðstæður síðustu tvö skólaár og þreyta í starfsfólki vegna þrengsla sem komu til af því að mygla greindist í tveimur byggingum skólans og erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem hafði veruleg áhrif á starfsandann. Þessi þáttur skýrir þó ekki alla liði og því er þörf á úrbótum.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	4,4	44	-1,5	5,1	1.686	-0,7*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,7	43	-0,2	4,5	1.629	0,2
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,0	44	-0,2	5,1	1.677	-0,1
3.4. Stuðningur við nýsköpun	4,5	44	-0,9	5,2	1.672	-0,7*
3.5. Mismunur	4,4	44	0,2	4,8	1.675	-0,4*
3.6. Einelti (þú)	15,9%	7/44	9,4%	3,4%	58/1698	12,5%*
3.7. Einelti (annar en þú)	31,8%	14/44	20,9%	10,8%	182/1686	21,0%*
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagðar í einelti)	18,2%	8/44	16,0%	4,6%	78/1686	13,6%*
3.9. Kynferðisleg áreitni	0%	0/44	-	0,5%	9/1705	-0,5%

4.4 Stjórnun

Í þessum lið er fjallað um stuðning frá yfirmönnum, sanngjarna forystu og valdeflandi forystu yfirmanna.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,3	42	-0,2	5,3	1.648	0,0
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,1	42	-0,4	5,2	1.646	-0,1
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	4,7	42	-0,6	5,1	1.634	-0,4
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	4,4	33	-	5,0	642	-0,6*
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	3,7	33	-	5,0	641	-1,3*
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	4,1	33	-	5,0	637	-0,9*

Skólaárið byrjaði erfiðlega og litast þessi niðurstaða að öllum líkindum af því. Stjórnendur brugðust við áhyggjuefnum starfsmanna eins fljótt og þeim var auðið og bættu úr þar sem kostur var á.

Í ágúst 2022 tóku við nýir stjórnendur í stjórnendateymi BES þegar Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir (áður aðstoðarskólastjóri) tók við af Páli Sveinssyni sem skólastjóri og Ragna Berg Gunnarsdóttir tók við af Guðrúnu Björgu Aðalsteinsdóttur sem aðstoðarskólastjóri. Sigríður Pálsdóttir sinnti áfram stöðu deildastjóra yngra stigs en Inga Jóna Bragadóttir tók við stöðu deildarstjóra stoðþjónustu.

4.5 Kennarar - Kennarastarfið

Í þessum lið er fjallað um kennarastarfið, ánægju með kennarastarfið, trú á eigin getu, upplýsingamiðlun, einstaklingsmiðaða kennslu og fleira. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöður þessa liðs. Kennarar í BES hafa góða trú á eigin getu og telja sig standa sig vel í upplýsingamiðlun til foreldra. Kennarar BES ætla nemendum sínum áberandi minni tíma til heimanáms en gengur og gerist annar staðar á landinu og leggja áherslu á hópavinnu í bekkjum. Kennarar í BES leggja áherslu á námsmat með öðru en prófum sem samræmist stefnu skólans í að vera leiðsagnarmatsskóli. Eins og sjá má eru þó þarna nokkrir þættir sem vinna þarf með.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	4,7	25	-1,6	5,0	938	-0,3
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,7	22	0,1	5,0	927	0,7
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,2	12	-0,1	4,9	779	0,3
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	8,3 mín	18	-16,2 mín	35,4 mín	802	-27,1 mín*
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	54,2%	13/24	-18,5%	66,2%	639/965	-12,0%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	60,9%	14/23	15,9%	50,0%	449/898	10,9%
5.7. Hóþavinna í bekk	38,1%	8/21	21,4%	33,8%	291/862	4,3%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	21,1%	4/19	-34,5%	30,6%	277/906	-9,5%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	56,0%	14/25	-7,2%	56,8%	524/922	-0,8%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	5,3%	1/19	-5,2%	9,1%	79/867	-3,8%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	87,0%	20/23	5,2%	78,1%	730/935	8,9%

4.6 Kennarar - Starfsumhverfi

Í þessum lið er fjallað um starfsumhverfi kennara, stuðning við kennara vegna nemenda með námserfiðleika, stuðning við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda, faglegan stuðning skólastjóra við kennara, samráð um kennslu og samvinnu um kennslu. BES kemur vel út í þessum lið og fær t.a.m. marktækt hærri einkunn m.v. landsvísu hvað varðar stuðning við kennara vegna hegðurnarörugleika nemenda. Samráð um kennslu er gott en faglegur stuðningur skólastjórna (spurningar sem mynda þennan matsþátt vísa til allra skólastjórna) við kennara er marktækt lakari en á landsvísu og sjá skólastjórnendur tækifæri til úrbóta á þessu sviði.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,6	21	-0,5	5,3	843	0,3
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,9	22	-0,6	5,2	836	0,7*
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	3,7	22	-2,2	5,2	928	-1,5*
6.4. Samráð um kennslu	5,8	21	0,6	5,3	897	0,5
6.5. Samvinna um kennslu	5,8	18	-0,2	5,7	809	0,1

4.7 Símenntun kennara

Í þessum lið er fjallað um símenntun kennara, fjölda daga í símenntun undanfarið ár, símenntunarpörf kennara og hlutfall þeirra kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 12 mánuði.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	72,0%	18/25	26,5%	46,4%	429/924	25,6%*
7.2. Símenntunarpörf kennara	6,6	25	1,4	6,4	911	0,2
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	48,0%	12/25	-6,5%	48,2%	450/934	-0,2%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	24	-	-	-	-

Kennarar í BES telja sig verja fleiri dögum í símenntun en aðrir kennarar almennt á landsvísu. Stjórnendur BES styðja markvisst við símenntun starfsfólks.

4.8 Opin svör

Í þessum lið fengu starfsmenn tækifæri á að lýsa því sem þeim þætti gott við vinnustaðinn sinn og því sem þeim þætti betur mætti fara. Alls 27 einstaklingar skrifuðu lýsingar á jákvæðum atriðum varðandi vinnustaðinn og 24 aðilar atriðum sem bætur mættu fara. Þegar þessir þættir eru dregnir saman er áberandi að starfsfólk talar um góðan starfsanda, jákvætt og lausnamiðað starfsfólk, góða þjónustu við nemendur, framsækin og skemmtilegan vinnustað þar sem allir leggja sitt af mörkum. Skólinn er lítill og persónulegur og starfsfólki er sýndur skilningur og sveigjanleiki í starfi. Þegar kemur að því sem betur mætti fara þá eru húsnæðismál og aðbúnaður nefndur auk þess sem að auka þurfi upplýsingaflæði. Fjárhagur sveitarfélagsins setti verulegt strik í reikninginn sem hefur torvelt stjórnendum og starfsfólki BES almennt hvað varðar uppbyggingu og framþróun.

4.9 Samantekt á starfsmannakönnun Skólapúlsins

Í ljósi þeirra aðstæðna sem skólinn hefur búið við undanfarin tvö ár koma niðurstöður starfsmannakönnunar ekki á óvart. Stjórnendur sjá mörg tækifæri til úrbóta og undirbúningur er þegar hafinn í samstarfi við starfsfólk skólans. Frá og með næsta skólaári verður farið í markvissa skólaþróun sem felst meðal annars í að teymiskennslu verður komið við á öllum skólastigum ásamt áframhaldandi leiðsagnarkennslu og símati. Stjórnendur taka niðurstöður könnunarinnar alvarlega og munu leggja metnað í að vinna traust starfsfólks og tryggja samstarf allra aðila skólasamfélagsins á komandi árum.

4.10 Úrbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum Starfsmannakönnunar Skólapúlsins

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að tryggja áframhaldandi hæfilegt vinnuálag		Skólastjórnendur, umsjónarkennarar, kennarar, aðrir starfsmenn	2023	Aldrei	Skólapúls

Að tryggja skýrleika hlutverks	Vinna með skólasýn BES þar sem allir koma að vinnunni	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar, stoðþjónusta	2023	Aldrei	Skólapúls
Að bjóða uppá jákvæðar áskoranir	Hvetja kennara/starfsfólk til símenntunar og að prófa sig áfram með tilraunaverkefnum.	Stjórnendur, umsjónarkennarar, stoðþjónusta	2021	Aldrei	Skólapúls
Að tryggja áframhaldandi leikni í starfi	Gera kennslukannanir þar sem kennarar fá góða endurgjöf á vinnu sína	Stjórnendur	2021	Aldrei	Niðurstöður kennslukannanna
Að tryggja góðan starfsanda	Endurvekja samskiptasáttmála starfsfólks með markvissum hætti. Minna reglulega á góð samskipti. Vera góðar fyrirmyndir	Stjórnendur og starfsfólkið í heild	2023	Aldrei	Skólapúls
Að uppræta einelti á vinnustað	Endurvekja samskiptasáttmála starfsfólks með markvissum hætti. Minna reglulega á góð samskipti. Vera góðar fyrirmyndir. Taka hratt og örugglega á tilfellum sem kunna að koma upp	Stjórnendur og starfsfólkið í heild	2023	Aldrei	Skólapúls
Að tryggja stuðning frá yfirmönnum, sanngjarna og valdeflandi forystu	Samráð við starfsfólk varðandi framþróun í skólastarfi og efling samskipta á vinnustaðnum	Stjórnendur og starfsfólkið í heild	2023	Aldrei	Skólapúls
Að efla ánægju starfsfólks með vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi	Tryggja eftirfylgni með endurbótum á aðbúnaði	Stjórnendur	2023	Aldrei	Skólapúls
Að fara í markvissa skólaþróun	Tryggja að stuðningur við starfsfólk við skólaþróunarvinnu sé til staðar og gagnsær	Stjórnendur	2023	Þegar hún er orðin föst í sessi	Skólapúls

5.0 Íslenska æskulýðskönnunin - Vantar niðurstöður

Á skólaárinu 2022-2023 var [Íslenska æskulýðskönnunin](#) lögð fyrir í annað skipti. Undir ÍÆ falla tvær alþjóðlegar rannsóknir. Að þessu sinni var önnur könnunin lögð fyrir nemendum í 4. og 5. bekk og hin fyrir 6.-10. bekk.

Þátttakendur voru 75 nemendur í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri sem svöruðu könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Skiptingu þeirra eftir kyni og bekk má sjá í töflunum hér fyrir neðan.

Skipting svarenda eftir bekk


Bekkur	Fjöldi
4. bekkur	13
5. bekkur	17
6. bekkur	12
7. bekkur	11
8. bekkur	9
9. bekkur	8
10. bekkur	5

Skipting svarenda eftir kyni


Kyn	Fjöldi
Karlkyn	38
Kvenkyn	36
Annað/vil ekki svara	1

Í 4. og 5. bekk er spurt um almenna þætti í skólastarfi, heilsu, líðan og einelti, en í eldri bekkjunum er bætt við spurningum varðandi reykingar, vímuefni og tómstundastarf.

5.1 Lykiltölur 4. og 5. bekkjar



5.2 Lykiltölur 6.-10. bekkjar



5.3 Samantekt úr íslensku æskulýðskönnuninni

Nemendur í 4. og 5. bekk líður almennt vel í skólanum en eru stundum þreytt og finnst of mikill hávaði í skólanum. Nemendur í 6.-8. bekk líður almennt vel í skólanum, mættu hafa meira traust til kennara og þeim finnst einnig of mikill hávaði í skólanum. Nánari niðurstöður má finna [hér](#).


6.0 Maskínukönnun - vinnustaðagreining Árborgar

Maskína framkvæmdi vinnustaðagreiningu fyrir Sveitarfélagið Árborg í október og fram í nóvember 2022. Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf og líðan starfsmanna hjá sveitarfélaginu í þeim tilgangi að bæta vinnustaði þess. Alls svöruðu 703 starfsmenn könnuninni eða 70,2% allra starfsmanna sveitarfélagsins. Við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) var svarhlutfallið 77,4%. Þeir liðir þar sem BES kom best út og eru á styrkleikabilinu 4,2-5,0 eru eftirfarandi:



Starfsfólk treystir sínum næsta yfirmanni sem stjórnanda og er ánægt með þann sveigjanleika sem því er sýnt í starfi. Stjórnendur virðast vera góðar fyrirmyndir og stuðla að góðum starfsanda auk þess sem starfsfólk telur sig fá stuðning og hjálp með verkefni hjá samstarfsfélögum.

Þeir liðir þar sem BES kom verst út og eru á styrkleikabilinu 1,0-3,69 eru eftirfarandi:



Starfsfólk telur sig ekki hafa öll þau tæki og tól sem nauðsynleg eru til að geta sinnt starfinu vel ásamt því sem þeir telja að verkefnin hafi tilhneigingu til að hlaðast upp. Þá telja þeir vinnuaðstæður ekki vera fullnægjandi. Aðrir liðir sem koma ekki nægilega vel út lúta að Árborg sem vinnustað.

6.1 Samantekt á maskínukönnun Árborgar

Helstu áhyggjuefni maskínukönnunarinnar eru aðbúnaður sem rekja má beint til fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem komið hefur í veg fyrir eðlilega endurnýjun á búnaði skólans. Ánægjulegt er að sjá að starfsfólk virðist meta starfsandann góðan og að BES sé almennt góður vinnustaður að vinna á.

8.0 Ytra mat

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri fór í gegnum ytra mat skólaárið 2018-2019 og áfram var unnið eftir umbótaáættun. Lokaskýrsla var send til Menntamálastofnunar í febrúar 2023 og var hún samþykkt í mars 2023 þar sem BES taldist hafa unnið markvisst að þeim umbótum sem bent var á í ytra mati skólans.

9.0 Samantekt

Markmið sjálfsmats skóla er að huga að endurbótum í skólastarfi. Huga þarf að ýmsum þáttum eins og fram kemur í skýrslu þessari og áætlanir varðandi umbætur eru í undirköflum. Skólaárið var um margt flókið rétt eins og skólaárið þar á undan og eru ýmsar ástæður þar að baki eins og fram kemur hér í skýrslunni. Unglingastigið bjó við þröngan húsakost til áramóta en fékk afhent húsnæði um áramót sem hafði í för með sér jákvæð áhrif á nemendur og starfsfólk. Áskoranir sem þessar styrkja skólastarfið til lengri tíma og í þeim felst mikill lærdómur. Í apríl 2023 fór sveitarfélagið Árborg í miklar aðgerðir vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og varð BES ekki varhluta af þeim aðgerðum. Það kom til uppsagna sem hafði áhrif á starfsandann og ráðast þurfti í gerð áætlana til næsta árs sem miða að því að láta skólastarfið ganga upp án skerðingar á þjónustu við nemendur en þó með færra starfsfólki. Áætlanir fyrir næsta skólaár gera ráð fyrir mikilli skólaþróun og breyttu vinnulagi þar sem áhersla verður lögð á teymiskennslu, samkennslu milli árganga og áframhaldandi leiðsagnarmat. Skólastjórnendur sjá mikil tækifæri í skólastarfi næsta skólaárs.